

Kæra foreldri/forráðamaður,

skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virknir nemenda	Líðan og heilsa	Skóla- og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ánægja af lestri</li><li>• Áhugi og ánægja af stærðfræði</li><li>• Áhugi og ánægja af náttúrufræði</li><li>• Trú á eigin námsgetu</li><li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi</li><li>• Þrautseigja í námi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfsálit</li><li>• Stjórn á eigin lífi</li><li>• Vellíðan</li><li>• Tíðni eineltis</li><li>• Tegund eineltis</li><li>• Staðir eineltis</li><li>• Hreyfing</li><li>• Mataræði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Samsömun við nemendahópinn</li><li>• Samband nemenda við kennara</li><li>• Agi í tímum</li><li>• Virk þátttaka í tímum</li><li>• Mikilvægi heimavinnu í náminu</li></ul>

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða skráðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).

Ég vil ekki að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn

Skóli: \_\_\_\_\_

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forráðmanns: \_\_\_\_\_